

Útrás og innrás Efnahagsleg og skattaleg áhrif

Inngangur

Í umræðu um útrás íslenskra félaga er oft vikið að þýðingu hennar fyrir íslenskt efnahagslíf og ríkisbúskapinn m.a. vegna skatta sem þessi félög greiða hér á landi. Fjárfesting erlendra aðila í íslensku atvinnulífi hefur líka verið umrædd af sama tilefni. Margt virðist óljóst í þessari umfjöllun og gætir tilhneiginga til alhæfinga og fullyrðinga umfram það sem efni standa til. Í þessari grein er fjallað um nokkur meginatriðum sem varða efnahagsleg og skattaleg áhrif af íslenskri fjárfestingu erlendis og erlendri fjárfestingu á Íslandi.

Við athugun á gögnum Seðlabanka Íslands¹ um erlenda fjárfestingu á Íslandi og íslenska fjárfestingu erlendis sést að mikill vöxtur hefur verið í hvoru tveggja á síðustu árum og upplýsingar Kauphallarinnar² um eignarhald á fyrirtækjum, sem þar eru skráð, sýna að mikil tengsl eru á milli talna um íslenskra fjárfestinga erlendis og erlendra fjárfestinga á Íslandi. Verður því einnig fjallað um efnahagsleg og skattaleg áhrif af slíkum hringtengslum. Í annarri grein verður fjallað um eignarhald erlendra aðila á íslenskum fyrirtækjum og hvaða ályktanir megi draga af því á íslenskt efnahagslíf og tekjur ríkissjóðs.

Útrás og innrás

Það hefur tíðkast upp á síðkastið að nota orðið útrás um það fyrirbæri sem löngum hefur verið kallað fjárfesting eða atvinnustarfsemi erlendis. Í orðinu útrás felst myndræn upphafning og skirskotun til víkingatímans sem m.a. hefur gert það að verkum að útrásin er oft fremur skoðuð með gleraugum þjóðarstolts og sigurvímu en af raunsæi. Andhverfu útrásarinnar þ.e. fjárfesting erlendra aðila hér á landi mætti til samræmis kalla innrás³ og hefur hún einnig verið borin lofi.

Fjárfesting og atvinnurekstur utan heimalandsins er yfirleitt talin vera af hinu góða þegar litið er til efnahagslífs heimsins og einstakra landa. Í því efni þarf þó að forðast alhæfingu. Almennir kostir eru t.d. þeir að slík fjárfesting getur aukið útbreiðslu nýrrar tækni og þekkingar og leitt til betri nýtingu á fjárfestingum sem og aukið eftirspurn eftir vöru, vinnu og þjónustu í landinu. Leiðir hún þannig til aukins virðisauka og tekna. Áhersla fjölþjóðasamninga á að ekki séu lagðar hömlur á fjárfestingar milli landa eru á grundvelli þessara sjónarmiða lítt umdeildar.

Með erlendri fjárfestingu er unnt að nýta náttúruauðlindir sem innlendir aðilar hafa ekki ráðið við af fjárhagslegum, tæknilegum eða markaðslegum ástæðum⁴. Sama má segja um vinnuafli hafi það ekki verið fullnýtt fyrir. Ávinningurinn af nýrri atvinnustarfsemi er fólgin í þeim virðisauka sem til fellur við hana. Þessi virðisauki

¹ Hagtölur Seðlabankans, Greiðslujöfnuður og erlend staða, Bein fjármunaeygn Íslendinga erlendis, júlí 2007 og Bein fjármunaeygn erlendra aðila á Íslandi, júlí 2007.

² Vefur The Nordic Exchange, 20 stærstu hluthafar; <http://news.icex.is/attachments/other/Top20.htm>

³ Orðið innrás er hér ekki notað í neikvæðri merkingu fremur en orðið útrás en dæmi eru um neikvæð viðbrögð við innrás sbr. umfjöllun í Danmörku um starfsemi fyrirtækja í íslenskri eigu þar.

⁴ Dæmi um þetta er uppbygging álframleiðslu á Íslandi.

kemur fram í tekjum þeirra sem að starfseminni koma, launum starfsmanna, hagnaði fyrirtækja⁵, vöxtum af lánsfjármagni og rentu fyrir afnot af auðlindum.⁶

Eitt af því sem mótar áhrif erlendrar fjárfestingar er atvinnuástandið í landinu. Hafi atvinnuleysi verið til staðar skilar erlend fjárfesting hluta virðisaukans í gegnum auknar launagreiðslur sem aftur skapar aukna eftirspurn eftir vörum þjónustu og vinnu í landinu. Af þessum ástæðum skiptir máli hvort sú atvinnustarfsemi sem um ræðir er vinnuaflsfrek eða ekki. Sé atvinnustig hátt fyrir getur erlend fjárfesting haft í för með sér ruðningsáhrif, þ.e. samdráttur verður í annarri starfsemi og tekjur af henni minnka vegna skorts á vinnuafli en launatekjur í heild geta aukist ef hin nýju störf eru arðbærari en þau sem hurfu.

Almennir kostir við erlenda fjárfestingu, aukin hagkvæmni vegna betri nýtingar á fjárfestingum, bættri framleiðslutækni og nýtingu vinnuafls o.s.fr. koma fram í því að meiri virðisauki verður til skiptanna. Frá sjónarhóli útrásarlandsins er það einnig jákvætt að þegar þess fá í sínar hendur hluta af þeim virðisauka sem fellur til vegna atvinnustarfsemi í öðru ríki. Hið neikvæða við erlenda fjárfestingu frá sjónarhóli þess lands sem verður fyrir innrás er að hluti af þeim virðisauka sem skapast í landinu, m.a. fyrir tilstilli innlends vinnuafls og eftir atvikum náttúruauðlinda, rennur til erlendra aðila en ekki innlendra eins og væri ef starfsemin er fjármögnuð með innlendu fé. Á vissan hátt eru hagsmunir þessarar landa því andstæðir.

Efnahagslegur ávinningur hvors lands um sig, útrásarlands og innrásarlands, veltur á því hversu stór hluti virðisaukans, þ.e. launa, hagnaðar í einhverju formi, vaxta, skatta og rentu, rennur til aðila í því. Ræðst það að verulegu leyti af því hvernig staði er að því í hverju landi um sig að tryggja að sem stærstur hluti erlends virðisauka skili sér inn í hagkerfið og að sem minnstur hluti innlends virðisauka renni til erlendra aðila. Í þeim efnum eru dæmin ærið misjöfn⁷.

Efnahagsleg og skattaleg áhrif útrásar frá Íslandi

Útrás íslenskra aðila er fólgin í því að útrásaraðilinn hefur atvinnustarfsemi í öðru landi eða fjárfestir í slíkri starfsemi með kaupum á hlutafé, án þess að hafa sjálfa starfsemina með höndum. Þriðja afbrigðið fjárfestingar erlendis er fólgið í lánveitingum. Atvinnustarfsemi íslensks aðila erlendis getur verið með þeim hætti að hann stofnar (kaupir) félag um rekstur í öðru landi eða hann stofnsetur þar útibú. Erlenda félagið er eftir atvikum dótturfélag eða hlutdeildarfélag. Skiptir það engu í skattalegu tilliti en í bókhaldi getur svo verið þar sem dótturfélögin mynda samstæðu með móðurfélaginu og öðrum dótturfélögum.

Þar sem starfsemi félagsins fer fram í öðru landi verður virðisaukinn til þar. Til þess lands fellur sá hluti hans sem kemur fram í launum starfsmanna þar í landi og hagnaður fyrirtækisins tilheyrir einnig hagkerfi þess lands nema að því marki sem hann er tekinn heim til eigendans sem arður eða honum er úthlutað honum með öðrum

⁵ Meðtalin eru laun starfsmanna og hagnaður fyrirtækja sem selja framleiðslu-fyrirtækinu aðföng og þjónustu.

⁶ Um þetta er m.a. fjallað í tveimur greinum mínum í Morgunblaðinu í apríl 2007, Auðlindir og Auðlindir og arður.

⁷ Í Nígeríu og í Noregi eru um 5% af olíu heimsins framleidd í hvoru landi um sig. Ein lökustu lífðjör í heimi eru í Nígeríu en í Noregi ein hin bestu. Í Nígeríu rennur nær allur arður af olíu úr landi en í Noregi hefur hann verið notaður til að byggja upp lífeyrissjóð fyrir landsmenn.

hætti. Að því leyti sem fjárfesting erlendis er í formi lánveitinga fær lánveitandinn hlutdeild í virðisaukanum með þeim vöxtum eða þóknunum sem hann fær greidda.

Af þessu má vera ljóst að fyrir íslensks efnahagslíf felast bein⁸ áhrif af útrás fyrst og fremst í þeim tekjum sem eigendur fjármagnsins, hvort sem er móðurfélög eða lánveitendur, taka til sín sem arð eða vexti.⁹ Hver þessi áhrif verða ræðst svo af því hvað verður um þetta fé, hvort því er ráðstafað hér á landi eða flutt aftur úr landi og af því hvaða skattar eru greiddir af þessum tekjum.

Erlend dótturfélag og hlutdeildarfélag íslenskra félaga falla ekki undir íslensk skattalög og greiða ekki skatta hér á landi af hagnaði sínum. Íslensku móðurfélög greiða ekki heldur skatt hér á landi af hagnaði erlendra dótturfélaga. Breytir það engu þótt velta og hagnaður dótturfélags sé talinn með í samstæðureikningi móðurfélagsins.¹⁰ Sama gildir um útibú íslensks félags erlendis. Dótturfélög og útibú falla undir skattalög þess lands þar sem þau eru heimilisföst og starfa og greiða þar skatta en ekki í heimalandi eigandans.¹¹ Skattalegra áhrifa af hagnaði erlends dótturfélags eða hlutdeildarfélags gætir hér á landi því aðeins að greiddur sé arður til móðurfélagsins eða það selur hluti í þessum félögum. Í þessum tilvikum eru skatttekjurnar þó óvissar.

Skatttekjur á Íslandi af því að erlent dótturfélag eða hlutdeildarfélag greiði íslensku móðurfélagi eða eignarhaldsfélagi arð eru yfirleitt engar. Arðurinn telst ekki til skattskyldra tekna hjá móðurfélaginu ef félagið sem arðinn greiðir starfar í landi sem hefur svipaða skattalöggjöf og OECD ríkin hafa. Hins vegar kann íslenski hluthafinn að hafa greitt afdráttarskatt af arðinu til þess lands þar sem félagið starfar.¹²

Þegar hér er komið, þ.e. arðurinn kominn til landsins í hendur móðurfélagsins, hefur því engin skattskylda myndast né skattgreiðsla til íslenska ríkisins farið fram. Skattur til íslenska ríkisins af tekjum erlenda dóttur- eða hlutdeildarfélagsins getur þó komið til með tvennum hætti síðar. Annars vegar ef móðurfélagið selur hlut í dótturfélaginu með hagnaði. Í því tilvikum getur félagið þó frestað greiðslu skattsins með fjárfestingu í öðrum hlutabréfum og þá óvíst hvort og hvenær til skattgreiðslu komi. Hins vegar ef móðurfélagið greiðir hluthöfum sínum arð sem innifelur þann arð sem það hafði fengið frá dótturfélagi sínu. Sé hluthafinn, sem arðinn fær, íslenskur einstaklingur eða sameignarfélag greiðist 10% skattur en sé hann íslenskt hlutafélag gildir sama og áður er greint frá, þ.e. arðurinn er ekki skattskyldur hjá félaginu sem fær hann greiddan.

⁸ Óbein áhrif geta komið fram í því að eignastaða móðurfélagsins styrkist og gerir það betur í stakk búið til að takast á við verkefni innanlands.

⁹ Í umræðum er stundum vitnað til þess sem marks um mikilvægi að starfsmenn erlendra dótturfyrirtækja séu svo og svo margir miðað við íslenska vinnumarkaðinn eða að veltan sé svo og svo mikil. Hvorugt er nothæfur nothæfur mælikvarði.

¹⁰ Í umræðum og kynningum á afkomu fyrirtækja er jafnan vitnað í reikninga samstæðunnar, þ.e. að meðtalinni afkomu og umfangi erlendra dótturfyrirtækja, og eru þeir því ekki nothæf viðmiðun fyrir efnahagsleg og skattaleg áhrif þessara fyrirtækja.

¹¹ Móðurfélagið getur haft tekjur af því að veita dótturfélaginu og öðrum aðilum erlendis þjónustu. Sé hún veitt í heimalandi móðurfélagsins telst hún skattalega til tekna þar.

¹² Í tvísköttunarsamningum er oftast kveðið á um takmörkun á hve háan afdráttarskatt má leggja á arð sem greiddur er úr landi.

Eins og framangreint ber með sér stofnast ekki til skattskyldu vegna hagnaðar erlends dótturfélags íslensks félaga fyrr en hagnaðurinn er greiddur íslenskum einstaklingi eða sameignarfélagi sem arður. Hluthafar í stærstu íslenskum félögum eru fyrst og fremst önnur félög, íslensk og erlend auk skattfrjálsra lífeyrissjóða. Skiptir því miklu fyrir skatttekjurnar í hvers eigu þessi félög eru og hvernig þau haga sínum málum. Séu íslensku eignarhaldsfélögin í eigu erlendra aðila kann svo að fara að lítill eða enginn skattur verði eftir á Íslandi. Arður greiddur erlendum aðila sætir lágrí skattlagningu eða engri og söluhagnaður er skattfrjálss ef hann er nýttur til stofnunar eða til kaupa á öðrum hlutum þ.m.t. hlutum í erlendum félögum.

Tekjur af lánveitingu íslensks aðila til erlends aðila, þ.e. vextir og aðrar tekjur hans af lánveitingunum eru skattskyldar hér á landi en til frádráttar frá þeim koma vextir af teknum lánum.¹³ Fari lánveitingin fram í gegnum dótturfélag eða útibú í öðru landi teljast þessar tekjur tilheyra því landi og eru skattlagðar þar.

Af framangreindu má ráða að efnahagsleg áhrif af útrás koma fyrst og fremst fram í þeim arði af erlendri starfsemi sem útrásaraðilinn tekur til heimalandsins og þeim vaxtatekjum sem greiddar eru til landsins fyrir fjármagn sem upprunnið er í heimalandinu. Eðli málsins samkvæmt eru það eigendur útrásarfyrirtækjanna og eigendur lánsfjármagns sem þessa ávinnings njóta í fyrstu umferð en hann getur leitt til aukinna umsvifa í hagkerfinu ef þessum tekjum varið til neyslu eða fjárfestingar innanlands. Sé eignarhaldið á útrásaraðilanum í höndum félaga eða einstaklinga utan landssteinanna eða ef lánsfjármagnið er komið erlendis frá ræðst efnahagslegur ávinningur annarra en eigendanna sjálfra nær eingöngu af því hvernig skattamálum er háttað. Eignarhald erlendra aðila á skráðum íslenskum félögum, einkum fjármála-fyrirtækjum sem eru að stórum hluta eigendur hinna erlendu útrásarfyrirtækja, er mjög mikið. Leiðir það til þess að stór hluti af hagnaðinum fer aftur úr landi.¹⁴

Skattheimtu af hagnaði af atvinnustarfsemi erlendis og skattheimtu af hagnaðarhlutum sem greiddir eru úr landi er eins og framan greinir svo háttað að litlar líkur eru á miklum skatttekjum. Einungis sá arður sem greiddur er einstaklingum ber nokkurn skatt en óvíst er um skatttekjur af þessum hagnaði að öðru leyti.¹⁵

Efnahagsleg og skattaleg áhrif innrásar í íslenskt atvinnulíf.

Áhrif innrásar erlendra aðila í íslenskt atvinnu og efnahagslíf eru spegilmynd af áhrifum útrásar. Erlend fjárfesting hér á landi getur verið bein, þ.e. þegar erlendur aðili stofnar hér atvinnufyrirtæki eða rekur hér útibú. Dæmi um slíkt eru álverksmiðjur og verktakastarfsemi eins og Impregilo. Erlendur aðili getur einnig átt hlut í fyrirtækjum sem hér starfa án þess að stýra starfsemi þeirra. Þriðja form erlendrar fjárfestingar eru lánveitingar erlendra aðila til íslenskra aðila svo sem lán til Landsvirkjunar vegna orkuvera, lán til byggingar á álverksmiðjum o.s.fr.

¹³ Flest lönd, önnur en Ísland, leggja afdráttarskatt á vexti sem greiddir eru úr landi. Í tvísköttunarsamningum er oftast kveðið á um hámark eða niðurfellingu á slíkum sköttum. Að því leyti sem þeir eru lagðir á í hinu ríkinu koma þeir til frádráttar frá skatti hér á landi.

¹⁴ Í annarri grein verður fjallað um eignarhald erlendra aðila á íslenskum félögum, sem skráð eru í Kauphöllinni.

¹⁵ Reynt hefur verið að mikla skattaleg áhrif „útrásar með því að telja til skatta útrásfélaga auk tekjuskatts, virðisaukaskatt, tryggingagjald og jafnvel staðgreiðslu af tekjuskatti starfsmanna. Slíkt er fráleitt. Virðisaukaskattur er eins og tekjuskatturinn kominn til vegna innlendrar starfsemi og er borinn af innlendum viðskiptavinum. Staðgreiðslan er að sjálfsögðu hluti af tekjuskatti starfsmannanna og tryggingagjaldið er sömuleiðis borið af innlendum starfsmönnum.

Erlend fjárfesting er efnahagslega mikilsverð vegna verðmætasköpunar sem ella hefði ekki orðið. Sú verðmætasköpun kemur fram í þeim virðisauka sem af starfsemiinni hlýst og rennur til þeirra aðila sem leggja eitthvað til starfseminnar, auðlindir, vinnuafli, fjármagn eða réttindi. Hluttur íslenskra aðila er laun starfsmanna, hagnaður innlenra aðfangasala og tekjuskattar¹⁶ sem félög í erlendri eigu og eigendur þeirra greiða og auðlindagjald sé það tekið.

Efnahagslegu áhrif af innrás eru hin sömu og af útrás en með öfugum formerkjum. Virðisaukinn af starfsemi á Íslandi deilist eins og áður í laun starfsmanna, hagnað fyrirtækja, vexti af fjármagni og rentu. Öfugt við það sem átti við um útrásina renna laun starfsmannatil aðila að innlenda hagkerfinu og í flestum tilvikum fellur einhver hluti af hagnaðinum til innlendra fyrirtækja sem selja starfsemi vörur og þjónustu¹⁷ en reikna má með að mestur hluti hans renni til hins erlenda fjárfestingaraðila. Vextir, þ.m.t. vextir sem innlendir aðilar greiða vegna fjárfestinga sinna, t.d. vegna orkuöflunar, renna til eigenda fjármagnsins, sem reikna má með að séu erlendir þegar um mjög stór verkefni er að ræða. Renta fyrir afnot af auðlindum getur komið fram í auðlindagjaldi ef því er beitt, tekjum þess sem fer með nýtingarréttinn eða þá að rentan rennur til eiganda framleiðslustarfseminnar, þ.e. hins erlenda fjárfestis. Að því leyti sem virðisaukinn rennur til erlendra eigenda framleiðslufélagsins og lánsfjármagns ræðst innlendir ávinningur af því hverning staðið er að skattlagningu.

Skattaleg áhrif af erlendu eignarhaldi eru einnig andhverfa þess sem sagt var um útrásina. Öll atvinnustarfsemi erlendra aðila hér á landi fellur undir íslensk skattalög og eru dótturfyrirtæki erlendra aðila og útibú þeirra skattskyld af þeim tekjum sem hér verða til.¹⁸ Að auki getur erlendum eigendum íslenskra félaga verið gert að greiða afdráttarskatt af þeim arði sem þau taka til sín frá félaginu og að greiða skatt af hagnaði við sölu á hlutabréfum í íslenska félaginu.¹⁹ Skattektur af erlendri fjárfestingu í formi lána er hins vegar engin. Vextir sem greiddir eru úr landi eru ekki skattlagðir hér ólíkt því sem er í flestum ríkjum.

Skattaleg meðferð virðisauka af erlendri fjárfestingu hér á landi er mjög mismunandi. Sá hluti virðisaukann, sem fer í laun, sætir að jafnaði mestri skattlagningu, hagnaður félaga að meðtalinni rentu minni er skattlagður vægar og vextir til erlendra aðila eru skattfrjálsir. Þótt íslenskar reglur um skattlagningu tekna af fjárfestingum erlendra aðila séu í flestu að formi til sambærilegar því sem er í öðrum löndum er sköttum hér beitt í minna mæli til að tryggja innlenda hlutdeild í þeim virðisauka sem hér skapast. Með lækkun á tekjuskatti félaga á undanförunum árum hefur hluti Íslands í þessum virðisauka verið minnkaður verulega og engar ráðstafanir eru til staðar til að hindra að renta af auðlindum renni óskipt og lítt skattlögð til erlendra aðila. Áður hefur verið minnst á skattfrelsi vaxta úr landi.

¹⁶ Stundum er talið að skatta eins og tryggingagjald og virðisaukaskatt eigi að telja hinni erlendu fjárfestingu til tekna en það er álitamál einkum ef atvinnustigð er hátt.

¹⁷ Dæmi um slíkt eru orkufyrirtæki sem selja álverum rafmagn og önnur fyrirtæki sem selja þeim aðföng eða þjónustu.

¹⁸ Um innbyrðis viðskipti þessara aðila við erlenda eigendur gildir armslengdarreglan.

¹⁹ Í tvísköttunarsamningum er kveðið á um hámark eða niðurfellingu afdráttarskatts á arð sem greiddur er frá Íslandi og niðurfellingu skatts á söluhagnað að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Framangreint á ekki aðeins við um framleiðslufélög í eigu erlendra aðila svo sem álver heldur einnig um fjármálafélög og eignarhaldsfélög sem erlendir aðilar eiga hér á landi og hafa hagnað af hlutum í íslenskum og erlendum félögum þ.m.t. útrásarfélögum. Þær reglur sem á þessum vettvangi gilda gera það að verkum að bæði sá hagnaður sem þessi félög fá erlendis frá og af innlendri starfsemi þeirra á greiða leið úr landi án þess að veruleg skattlagning komi til. Lækkun tekjuskatts á félög á undanförunum árum hefur ennfremur aukið þann hluta hagnaðar þeirra sem horfið getur lítt skattlagður úr landi.²⁰

Samandregnar niðurstöður

Þótt erlend fjárfesting séu jafnan talin hafa jákvæð áhrif á efnahagslíf og auki þann virðisauka sem er til skiptanna eru þessi áhrif háð aðstæðum í hverju landi á hverjum tíma. Efnahagslegt gildi fjárfestinga yfir landamæri fyrir þau lönd sem hlut eiga að máli ræðst af því hvernig ástand er í hvoru landi um sig einkum varðandi eignarhald á félögum og skattamál í því.

Áhrif útrásar íslenskra aðila á íslenskt efnahagslíf eru að líkindum ekki ekki mjög mikil þar sem ólíklegt er að mikill hluti af hagnaði af starfsemi erlendis skili sér í hendur innlendra aðila og sé ráðstafað hér á landi.²¹ Skatttekjur íslenska ríkisins af atvinnurekstri íslenskra aðila erlendis eru ekki miklar vegna skattareglna og þess hvernig eignarhaldi á íslenskum félögum er háttað.

Áhrif beinnar erlendar atvinnustarfsemi á Íslandi á efnahagslífið eru margþættari og ávinningur fyrir efnahagslífið torráðnari m.a.vegna óvissu um förnarkostnað. Auk vinnulauna er ávinningurinn fyrst og fremst fölginn í hagnaði innlendra aðfangasala og sköttum á félög í erlendri eigu og eigendur þeirra. Líklegt er að innlend hlutdeild í virðisauka af erlendri atvinnustarfsemi hér á landi sé hlutfallslega fremur lítil.

Þróun viðskiptaumhverfis á síðustu árum hefur auðveldað flutning úr landi á hagnaði hvort sem er af innlendri starfsemi eða útrásarstarfsemi og breytingar á skattalögum, m.a. lækkun á tekjuskatti félaga hafa aukið þann hluta hagnaðar sem farið getur skattfrjáls eða lítt skattlagður úr landi.

Eftirmáli. Að flytja félög til útlanda

Í umræðum um útrásarfélög hefur það verið haft á orði, stundum sem hótun, að eitt eða annað þessara félaga kunni að flytja sig úr landi ef ekki er farið að vilja þess. Afleiðingar þess fyrir efnahagslífið og afkomu ríkisins verið málaðar dökkum litum og endurómaðar gagnrýnislaust af áhrifagjörnum.

Í þessu efni þarf að hafa í huga að félög er ekki hægt að flytja milli landa með pennastriki einu. Vilji eigendur hætta starfsemi félags hér á landi verða þeir að slíta því eða selja það í hendur annarra. Við slit eru eignir seldar, reksturinn gerður upp og greiddir skattar af uppsöfnuðum hagnaði. Kjósi eigendurnir að selja félagið, þ.e. hlutina í því í hendur annarra, e.t.v. félags sem þeir eiga erlendis²², starfar félagið

²⁰ Í annarri grein verður fjallað um eignarhald erlendra aðila á íslenskum félögum, sem skráð eru í Kauphöllinni.

²¹ Helsti ávinningurinn kann að felast í auknum umsvifum móðurfélagsins hérlandis, þ.e. auknum launum starfsmanna og betri afkomu þess vegna.

²² Eignarhald á íslensku fjármálafyrirtækjunum er þegar að svo miklu leyti í höndum erlendra aðila að ekki væri um mikla breytingu að ræða.

engu að síður áfram hér á landi með íslenska starfsmenn og borgar skatta af þeirri starfsemi þótt einhver starfsemi höfuðstöðva kunni að færast til annars lands.

Það er starfsemin hér á landi, sem fyrst og fremst hefur þýðingu fyrir íslenskt efnahagslíf og skatttekjur ríkissjóðs. Breyting á eignarhaldi og flutningur höfuðstöðva hefði ekki stórfelld áhrif ef félagið heldur áfram starfsemi sinni hér²³. Vilji félagið ekki sinna starfsemi hér, t.d. innlendri bankastarfsemi, munu aðrir aðilar vafalítið yfirtaka hana, skapa hér fleiri störf en þeir áður höfðu og skila meiri hagnaði og skatttekjum en áður.

Vissulega er skaði að því að vel stæð og vel rekin fyrirtæki hætti hér störfum en það er langt í frá að vera héraðsbrestur.

²³ Höfuðstöðvarnar hafa að sjálfsögðu ýmsa starfsemi með höndum, sem færast myndi úr landi, og þær geta haft tekjur af að þjónusta aðrar einingar samstæðunnar. Tekjutilfærslu milli eininga í samstæðunni og höfuðstöðvanna eru takmörk sett af áðurnefndri armslengdarreglu.